

**Aðgerðaáætlun vegna dvalar umsækjenda um
alþjóðlega vernd í Reykjanesbæ á vegum
Vinnumálastofnunar**



**VINNUMÁLA
STOFNUN**



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

YFIRLIT AÐGERÐA

1.	DRAGA ÚR FJÖLDA UMSÆKJENDA.....	7
2.	KLÚBBURINN – VIRKNIMIÐSTÖÐ.....	7
3.	VERKEFNASTJÓRI.....	7
4.	NÁMSKEIÐ OG SMÍÐJUR.....	8
5.	HUGMYNDASÖFNUN MEÐAL UMSÆKJENDA	8
6.	ÞRÓUNARSKÓLI Í KLÚBBNUM – FRÍÐHEIMAR	8
7.	TÓMSTUNDIR BARNA – SUMAR.....	8
8.	TÓMSTUNDIR BARNA – VETUR.....	9
9.	SAMGÖNGUMÁL	9
10.	VIÐTALSADSTAÐA.....	9
11.	RÁÐGJÖF TIL FLÓTTAFÓLKIS AF HÁLFU VINNUMÁLASTOFNUNAR.....	9
12.	UPPLÝSINGAGJÖF TIL ÞJÓNUSTUNOTENDA ALÞJÓÐATEYMIS REYKJANESBÆJAR 10	
13.	FÉLAGSMIÐSTÖÐ FYRIR UNGMENNI Á FLÓTTA	10
14.	SJÁLFBODALÍÐAHERFERÐ.....	10
15.	VIÐHORFAVINNA	11
16.	EFTIRFYLGNI MEÐ AÐGERÐAÁÆTLUNINI	11

INNGANGUR

Þann 9. janúar 2023 undirrituðu félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, Vinnumálastofnun og Reykjanesbær viljayfirlýsingu um að greindar yrðu þær áskoranir sem Reykjanesbær glímir við vegna fjölgunar umsækjenda um alþjóðlega vernd sem dveljast í sveitarfélaginu á vegum ríkisins og að aðilar að yfirlýsingunni myndu vinna saman að lausnum í því skyni að koma í veg fyrir að nauðsynleg þjónusta íbúa sveitarfélagsins myndi skerðast. Í dag dvelja á vegum Vinnumálastofnunar 1.096 umsækjendur um alþjóðlega vernd í Reykjanesbæ. Þar af er 191 barn, 105 af þeim á grunnskólaaldri og 905 fullorðnir einstaklingar, þar af 563 sem eru einir á ferð. Til viðbótar veitir Reykjanesbær 70 umsækjendum um alþjóðlega vernd þjónustu samkvæmt samningi við Vinnumálastofnun.

Aðgerðaáætlun þessi er gerð vegna þeirra sérstöku aðstæðna sem skapast hafa vegna þess mikla fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd sem eru í Reykjanesbæ á vegum Vinnumálastofnunar í samanburði við önnur sveitarfélög en 1. maí 2023 voru umsækjendur um alþjóðlega vernd 4,9% af íbúafjölda bæjarins samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands.


Meginmarkmið þessarar aðgerðaáætlunar er annars vegar að draga úr fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd sem dvelja í Reykjanesbæ á vegum Vinnumálastofnunar til lengri tíma litið og hins vegar að auka virkni og vellíðan umsækjenda sem þar dvelja á meðan þeir bíða úrlausnar sinna mála hjá íslenskum stjórnvöldum.

Þrjár sviðsmyndir liggja til grundvallar aðgerðaáætlun þessari (myndir 1-6) og miða þær við háspá, lágspá og miðspá Útlendingastofnunar um fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd á þessu ári og spá Vinnumálastofnunar um þörf fyrir húsnæði fyrir umsækjendur. Forsendur fyrir öllum sviðsmyndunum eru eftirfarandi atriði:


1. Þróun hvað varðar fjölda umsókna um alþjóðlega vernd á Íslandi.
2. Afkastageta Útlendingastofnunar og kærunefndar útlendingamála til að afgreiða umsóknir/kærumál.
3. Afkastageta ríkislögreglustjóra til að flytja útlendinga úr landi sem hafa fengið endanlega synjun á umsókn.
4. Afkastageta í kerfinu til að styðja við sjálfviljuga heimför umsækjenda.
5. Hversu hratt gengur að reisa einingahús fyrir a.m.k 1.000 umsækjendur.
6. Frumvarp innviðaráðherra um breytingu á ýmsum lögum vegna tímabundinna undanþágna frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi verði samþykkt á Alþingi og sveitarfélög beiti ekki neitunarvaldi.

Sviðsmynd 1: Versta mögulega sviðsmyndin

Mynd 1. Fjöldi plássa í Reykjanesbæ:




Mynd 2. Hlutfall plássa í Reykjanesbæ (RNB) af heildarhlutfalli plássa:




Sviðsmynd 2. Besta mögulega sviðsmyndin

Mynd 3. Heildarfjöldi plássna í Reykjanesbæ:




Mynd 4. Hlutfall plássna í Reykjanesbæ af heildarhlutfalli plássna:




Sviðsmynd 3. Raunhæfasta mögulega sviðsmyndin

Mynd 5. Fjöldi plássá í Reykjanesbæ



Mynd 6. Hlutfall plássá í Reykjanesbæ af heildarhlutfalli plássá:



AÐGERÐIR

1. DRAGA ÚR FJÖLDA UMSÆKJENDA

Markmið: Draga úr fjölda umsækjenda um alþjóðlega vernd sem dvelja í Reykjanesbæ á vegum Vinnumálastofnunar.

Framkvæmd/lýsing: Vinnumálastofnun mun leitast við að draga úr dvöl umsækjenda um alþjóðlega vernd í Reykjanesbæ eins og kostur er. Myndist svigrúm í búsetuúrræðum stofnunarinnar eða hjá sveitarfélögum sem stofnunin er með samninga við verður leitast við að draga úr fjölda í Reykjanesbæ. Unnið er með Reykjavíkurborg að því að finna hentuga staðsetningu fyrir einingahús fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á sama tíma og Framkvæmdasýslan/Ríkiseignir leitar að húsnæði á öðrum stöðum á landinu. Stefnt er að því að pláss á vegum Vinnumálastofnunar verði orðin 900 í nóvember 2024. Áfram verður áhersla lögð á að Vinnumálastofnun tengi flóttafólk við önnur sveitarfélög sem samið hefur verið við um samræmda móttöku flóttafólks.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Tímabil: Júní 2023 til desember 2024.

2. KLÚBBURINN – VIRKNIMIÐSTÖÐ

Markmið: Miðstöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd þar sem þeim verður veitt aðstoð við að verða virkir þátttakendur í samfélaginu auk þess sem miðstöðinni er ætlað að tryggja að umsækjendur hafi eitthvað við að vera meðan þeir bíða eftir afgreiðslu umsókna sinna hjá Útlendingastofnun.

Framkvæmd/lýsing: Húsnæði gamla Officera-klúbbsins tekið á leigu til a.m.k. tveggja ára og húsnæðinu breytt þannig að það henti til þeirra verkefna sem því er ætlað, þ.e. að í því verði rými fyrir virkni, viðtöl, kennslustofur og matsal.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Hagaðilar/markhópur: Reykjanesbær, Símenntunarmiðstöðvar, Rauði krossinn, umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk búsett í Reykjanesbæ.

Tímabil: Maí 2023 til júní 2025.

Kostnaður: Um 96.000.000 kr. í framkvæmdir, leiguverð er um 45.000.000 kr. á ári.

3. VERKEFNASTJÓRI

Markmið: Tryggja yfirsýn og árangursmælingu á þeim verkefnum sem ráðist verður í, m.a. í tengslum við þau verkefni sem fram koma í þessari aðgerðaáætlun. Enn fremur er gert ráð fyrir að verkefnastjóri klúbbsins haldi utan um rekstur og skipulag Klúbbsins.

Framkvæmd/lýsing: Ráðning verkefnastjóra virkniúrræða hjá Vinnumálastofnun sem heldur utan um rekstur Klúbbsins f.h. stofnunarinnar og stýrir m.a. skipulagningu og nýtingu húsnæðisins.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Hagaðilar/markhópur: Reykjanesbær, Símenntunarmiðstöðvar, Rauði krossinn, umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk búsett í Reykjanesbæ.

Tímabil: Frá maí 2023 og ótímabundið.

Kostnaður: 10.000.000 kr. á ári.

4. NÁMSKEIÐ OG SMÍÐJUR

Markmið: Auka virkni og vellíðan umsækjenda um alþjóðlega vernd meðan þeir bíða eftir afgreiðslu Útlendingastofnunar á umsóknum þeirra og kærunefnd útlendingamála, eftir því sem við á.

Framkvæmd/lýsing: Komið verði upp stundatöflu í Klúbbnum með námskeiðum, smíðjum og annars konar virkni alla virka daga þar sem umsækjendur um alþjóðlega vernd geta átt samfélag, stytt sér stundir og valdeflt sig meðan umsókn þeirra er til meðferðar hjá stjórnvöldum.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun og Reykjanesbær

Hagaðilar/markhópur: Reykjanesbær, símenntunarmiðstöðvar, Rauði krossinn, Hjálpræðisherinn, námskeiðshaldarar, áhugafólk um málefni umsækjenda um alþjóðlega vernd, og umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Tímabil: Haustið 2023 til sumars 2024 – breytileg tímabil á hverju námskeiði eða smíðju.

Kostnaður: Breytilegur eftir námskeiðum, verkefnum eða smíðjum. Heildarkostnaður 90.000.000 kr.

5. HUGMYNDASÖFNUN MEÐAL UMSÆKJENDA

Markmið: Betri nýting virkniúrræða og að mæta þörfum umsækjenda um alþjóðlega vernd.

Framkvæmd/lýsing: Hugmyndasöfnun meðal umsækjenda um alþjóðlega vernd. Leita til þeirra um hvað hópurinn vilji helst gera og hvernig virkni þau mæli með.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Hagaðilar/markhópur: Umsækjendur um alþjóðlega vernd, flóttafólk, Reykjanesbær, Hjálpræðisherinn og Rauði krossinn.

Tímabil: Júní til ágúst 2023 – endurtekið ef þörf er á.

6. ÞRÓUNARSKÓLI Í KLÚBBNUM – FRÍÐHEIMAR

Markmið: Tryggja öllum börnum á grunnskólaaldri, sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd, aðgengi að menntun.

Framkvæmd/lýsing: Reykjanesbær hefur rekstur á þróunarskóla með aðsetur í Klúbbnum með það að markmiði að tryggja öllum börnum á grunnskólaaldri, sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd, aðgengi að menntun.

Ábyrgð: Reykjanesbær

Hagaðilar/markhópur: Börn á grunnskólaaldri sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd, mennta- og barnamálaráðuneytið og Vinnumálastofnun.

Tímabil: Ágúst 2023 til maí 2024.

Kostnaður: Um 300.000.000 kr.

7. TÓMSTUNDIR BARNA – SUMAR

Markmið: Auka virkni og vellíðan barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd meðan þau bíða eftir afgreiðslu Útlendingastofnunar á umsóknum þeirra og kærunefnd útlendingamála, eftir því sem við á.

Framkvæmd/lýsing: Vinnumálastofnun kom á fót tómstundarárræðum fyrir börn á Ásbrú fyrir sumarið 2023. Íþróttafélagið Keflavík býður upp á 9 vikur af námskeiðum fyrir og eftir hádegi

þar sem börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd geta mætt og tekið þátt sér að kostnaðarlausu.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun

Hagaðilar/markhópur: Börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Tímabil: Sumar 2023

Kostnaður: 4.700.000 kr.

8. TÓMSTUNDIR BARNA – VETUR

Markmið: Auka virkni og vellíðan barna sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd meðan þau bíða eftir afgreiðslu Útlendingastofnunar á umsóknum þeirra og kærunefnd útlendingamála, eftir því sem við á.

Framkvæmd/lýsing: Auglýst verður eftir aðilum sem vilja bjóða upp á virkni fyrir börn veturinn 2023 – 2024 og þeim boðið að nýta hluta af aðstöðunni í Klúbbnum.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Hagaðilar/markhópur: Börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Tímabil: Veturinn 2023-2024

Kostnaður: 10.000.000 kr.

9. SAMGÖNGUMÁL

Markmið: Mæta auknu álagi á almenningsamgöngur frá Ásbrú og niður í bæ.

Framkvæmd/lýsing: Vinnumálastofnun hefur kostað til almenningsaksturs fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd milli 12 og 16 alla virka daga auk þess sem stofnunin hefur keypt strætókort hjá Reykjanesbæ fyrir akstur utan þess tíma.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Hagaðilar/markhópur: Reykjanesbær og umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Tímabil: Febrúar 2023 til desember 2023.

Kostnaður: 33.000.000 kr.

10. VIÐTALSADSTAÐA

Markmið: Greiða aðgengi flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd að þjónustu ýmissa aðila sem veita þeim ráðgjöf þeim að kostnaðarlausu.

Framkvæmd/lýsing: Viðtalsherbergi þar sem aðilar geta komið og boðið upp á ráðgjöf og þjónustu fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk stuttu eftir að það hefur fengið vernd á Íslandi.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun.

Hagaðilar/markhópur: Umsækjendur um alþjóðlega vernd, flóttafólk búsett í Reykjanesbæ, símenntunarmiðstöðvar á svæðinu og Rauði krossinn.

Tímabil: Hausti 2023 til vor 2025.

Kostnaður: Inni í kostnaði við framkvæmdir á húsnaði Klúbbsins.

11. RÁÐGJÖF TIL FLÓTTAFÓLKS AF HÁLFU VINNUMÁLASTOFNUNAR

Markmið: Greiða aðgengi umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks sem nýlega hefur fengið vernd að þjónustu Vinnumálastofnunar, bæði er varðar vinnumiðlun og möguleika á því að flytja til annarra sveitarfélaga sem samið hefur verið við um samræmda móttöku flóttafólks. *Framkvæmd/lýsing:* Ráðgjafar á vegum Vinnumálastofnunar verða með viðveru ákveðna daga vikunnar og leiðbeina um gerð ferilskrár, um fyrstu skref í atvinnuleit og möguleika á mati á námi og fyrri störfum. Enn fremur verða ráðgjafar með viðtöl við flóttafólk vegna þörfunar flóttafólks við sveitarfélag sem eru þátttakendur í samræmdri móttöku. *Ábyrgð:* Vinnumálastofnun. *Hagaðilar/markhópur:* Flóttafólk búsett í Reykjanesbæ, hvort sem það fær þjónustu frá Vinnumálastofnun eða Reykjanesbæ. *Tímabil:* Hausti 2023 til vor 2025.

12. UPPLÝSINGAGJÖF TIL ÞJÓNUSTUNOTENDA ALÞJÓÐATEYMISS REYKJANESBÆJAR

Markmið: Greiða aðgengi þjónustunotenda alþjóðateymis Reykjanesbæjar að upplýsingum og þjónustu. *Framkvæmd/lýsing:* Þjónustu og móttökuteymi alþjóðateymis Reykjanesbæjar mun vera tvo morgna í viku með upplýsingagjöf um þá þjónustu sem Reykjanesbær veitir og leiðbeina fólki hvað varðar nytsamlega hluti. Fimmtudagar frá kl 10.00 – 12.00: Fjárhagsaðstoð og upplýsingabæklingar um heilsuveru og lækniþjónustu. Þriðjudaga kl 13.00 – 14.00: Aðstoð við húsnæðileit og kennsla í að sækja um íbúðir. *Ábyrgð:* Alþjóðateymi velferðarsviðs Reykjanesbæjar. *Hagaðilar/markhópur:* Umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk í þjónustu Reykjanesbæjar. *Tímabil:* Hausti 2023 til vor 2025.

13. FÉLAGSMIÐSTÖÐ FYRIR UNGMENNÍ Á FLÓTTA

Markmið: Auka virkni og vellíðan flóttafólks á aldrinum 10 til 15 ára. *Framkvæmd/lýsing:* Eitt stöðugildi í félagsmiðstöðinni Brúnni í Háaleitisskóla. *Dæmi um samstarfsaðila:* Alþjóðateymi Reykjanesbæjar og teymi Vinnumálastofnunar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. *Hagaðilar/markhópur:* Umsækjendur um alþjóðlega vernd á aldrinum 1 til 15. *Tímabil:* Veturinn 2023-24. *Kostnaður:* 10.900.000 kr.

14. SJÁLFBODALIÐAHERFERÐ

Markmið: Auka þjónustu við flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd með aðkomu sjálfbodaliða úr nærsamfélaginu. *Framkvæmd/lýsing:* Styðja sjálfbodaliðahreyfingar á svæðinu við að afla sjálfbodaliða til að starfa með flóttafólki og umsækjendum um alþjóðlega vernd. *Ábyrgð:* Vinnumálastofnun. *Hagaðilar/markhópur:* Umsækjendur um alþjóðlega vernd, flóttafólk, Rauði krossinn og Hjálpræðisherinn. *Tímabil:* Hausti 2023. *Kostnaður:* 400.000 kr.

15. VIÐHORFAVINNA

Markmið: Stuðla að inngildandi samfélagi og aukningu á tækifærum fyrir flóttafólk og umsækjendur um alþjóðlega vernd til þátttöku í samfélaginu með jákvæðri umfjöllun um flóttafólk.

Framkvæmd/lýsing: Koma á framfæri jákvæðri umfjöllun um viðburði sem tengjast fjölmenningu og inngildingu flóttafólks í íslenskt samfélag.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun og Reykjanesbær.

Dæmi um samstarfsaðila: Alþjóðameningarklúbbur Suðurnesja, alþjóðateymi Reykjanesbæjar, Rauði krossinn, Hjálpræðisherinn, umsækjendur um alþjóðlega vernd og flóttafólk.

Tímabil: Haust 2023.

Kostnaður: 1.000.000 kr.

16. EFTIRFYLGNI MEÐ AÐGERÐAÁÆTLUNINNI

Markmið: Meta árangur aðgerðaáætlunarinnar og ákveða næstu skref. Jafnframt er það markmið aðgerðarinnar að meta hvenær unnt verður að draga úr stuðningi Vinnumálastofnunar við Reykjanesbæ samkvæmt aðgerðaráætluninni í ljósi fyrirhugaðrar fækkunar á umsækjendum um alþjóðlega vernd á vegum Vinnumálastofnunar í Reykjanesbæ.

Framkvæmd/lýsing: Farið yfir mat á árangri og framgangi aðgerðaáætlunarinnar á þriggja mánaða fresti af hálfu fulltrúa Vinnumálastofnunar og Reykjanesbæjar.

Ábyrgð: Vinnumálastofnun og Reykjanesbær.

Tímabil: Nóvember 2023, febrúar 2024 og maí 2024.

VIÐAUKI I:

Dæmi um virkniúrræði fyrir umsækjendur:

- Smiðjur/vinnustofur/virkni.
 - Virknismiðja.
 - Hópefli.
 - Efling samskipta.
 - Spil og leikir.
 - Valdeflandi kvenna- og karlasmiðja.
 - Efling sjálfstrausts.
 - Virkjun krafts til sköpunar og valdeflingar.
 - Borin kennsl á eigin styrkleika.
 - Efling almennrar samskiptafærni.
 - Starfstengd smiðja, sjá leikskólasmiðja.
 - Stafræn smiðja.
 - Kvikmyndasmiðja.
 - Tónlistarsmiðja.
 - Danstímar.
- Íslenskt samfélag – Landneminn.
 - Tileinka sér þekkingu um:
 - Íslenskar hefðir og venjur, skráðar og óskráðar.
 - Eigin réttindi og skyldur.
 - Tækifæri og skyldur í íslensku samfélagi.
 - Áskoranir í íslensku samfélagi.
 - Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi.
- Tómstunda- og vikninámskeið.
 - Olíumálun.
 - Þrjóna/Hekla/Þæfing – handavinna.
 - Grænir fingur – ræktun og fl.
 - Heilbrigður lífsstíll.
 - Næring.
 - Hreyfing.
 - Svefn.
 - Hugleiðsla.